

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/1/EB

frá 29. janúar 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neytendavörur (SCCP),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt álitni vísindanefndarinnar um neytendavörur, sem gefið er út á grundvelli vísindalegra rannsókna, samþykkti framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjunum og hagsmunaaðilum, heildaráætlun um að setja reglur um hárlitunarefni, en samkvæmt henni er þess krafist að iðnaðurinn leggi fram skrár með vísindagögnum um hárlitunarefni sem vísindanefndin um neytendavörur á að meta.
- 2) Þau efni, sem ekki var sérstakur áhugi á að nota að höfðu samráði við almenning og engin uppfærð öryggisgögn hafa verið lögð fram um þau svo hægt sé að gera fullnægjandi áhættumat, skulu skráð í II. viðauka.
- 3) Efnið 4-aminó-3-flúorfenól hefur fram að þessu verið talið falla undir almennu færsluna, tilvísunarnúmer 22, varðandi anilín, sölt þess og halógen- eða súlföafleiður þess. Þar sem það er ekki ljóst að 4-aminó-3-flúorfenól tilheyri þessum anilínflokki skal sérstök færsla fyrir þetta efni skráð í II. viðauka.
- 4) Til glöggvunar skal færa efnið epoxíkónasól frá aðgreindu tilvísunarnúmeri 1182 til tilvísunarnúmers 663 í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

5) Þar sem ekki voru lögð frekari ný vísindagögn fyrir vísindanefndina um neytendavörur fyrir 31. júlí 2006 um matið á N,N'-díhexadekyl-N,N'-bis(2-hýdroxýetyl)-própandíamíð skal skrá efnið í II. viðauka.

6) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að frá og með 21. febrúar 2008 séu snyrtivörur, sem eru ekki í samræmi við þessa tilskipun, ekki seldar eða þeim ráðstafað með öðrum hætti til neytenda.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. ágúst 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 21. nóvember 2007.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/78/EB (Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. janúar 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIDAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi tilvísunarnúmer 1234 og 1243 bætist við:

Tilvísunarnúmer	Efnaheiti/INCI-heiti	CAS-nr.
„1234	PEG-3,2',2'-dí-p-fenýlendíamín	144644-13-3
1235	6-nítró-o-tólúidín	570-24-1
1236	HC Yellow nr. 11	73388-54-2
1237	HC Orange nr. 3	81612-54-6
1238	HC Green nr. 1	52136-25-1
1239	HC Red nr. 8 og sölt þess	97404-14-3, 13556-29-1
1240	Tetrahydró-6-nítrókínoxalín og sölt þess	158006-54-3, 41959-35-7
1241	Disperse Red 15, nema sem óhreinindi í Disperse Violet 1	116-85-8
1242	4-aminó-3-flúorfenól	399-95-1
1243	N,N'-díhexadekýl-N,N'-bis(2-hýdroxýetýl)própandíamíð Bishýdroxýetýlbissetýlmalonamíð	149591-38-8“

2. Færslan undir tilvísunarnúmeri 1182 falli brott.

3. Eftirfarandi komi í stað tilvísunarnúmers 663: „(2RS,3RS)-3-(2-klórphenýl)-2-(4-flúorphenýl)-[1H-1,2,4-tríasól-1-ýl]metýl]oxíran, epoxíkónasól (CAS-nr. 133855-98-8)“.